



# FUNDARGERÐ

270. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fundarsal HEF að Einhleypingi 1, Fellabæ  
fimmtudaginn 14. nóvember 2019 kl. 12:00.

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, Ívar Hafliðason,  
varamaður, Stefán Þór Eyjólfsson varamaður og Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum var fjarverandi: Ágústa Björnsdóttir og Björg Björnsdóttir.

## Dagskrá:

1. Starfsmannamál
2. Gjaldskrárbreyting 1. 1. 2020 til staðfestingar
3. Fjárhagsáætlun 2020 - afgreiðsla
4. Starfshættir stjórnar
5. Yfirlit verkefna – staða og áætlun
6. Gagnaveita
7. Fráveita á Egilsstöðum og Fellabæ
8. Lóðamál við Fóðurstöð
9. VÖK – rekstrarstillingar, notkun og samningur
10. Verkefni á vettvangi Samorku
11. 40 ára afmæli HEF
12. Önnur mál

Gunnar Jónsson, formaður, stýrði fundi.

Breyting hefur orðið á stjórn HEF, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal hefur vikið úr stjórn og Skúli Björnsson, sem var varamaður tekið sæti hans. Helga Hreinsdóttir er nýr varamaður í stjórn. Tilkynningarblað til Ríkisskattstjóra undirritað á fundinum.

## 1. Starfsmannamál

- a. Fært í trúnaðarmálabók.
- b. Broddi B. Bjarnason verður sjötugur í janúar næstkomandi. Hann hefur áhuga á að starfa áfram fyrir HEF. Framkvæmdastjóra falið að funda með Brodda og taka málið upp á næsta fundi.
- c. Gera þarf ráðningarsamning við Höllu Sigrúnu Sveinbjörnsdóttur. Framkvæmdastjóri mun leggja hann fyrir á næsta stjórnarfundum.
- d. Framkvæmdastjóri mun framvegis verða með regluleg starfsmannaviðtöl.

## 2. Gjaldskrárbreyting 1.1.2020 til staðfestingar

Stjórn samþykkir að hækka gjaldskrá hitaveitu um 2,5% frá og með 1. janúar nk., skv. fyrirbyggjandi drögum að breytingunni. Vatnsgjald neysluvatns hækki úr 249 kr. í 255 kr. á fermetra og fast gjald 8.966 kr. á matseiningu. Gjaldskrá fráveitu breytist ekki enda tekur hún mið af fasteignamati og byggingarvísitölu.

### 3. Fjárhagsáætlun 2020 - afgreiðsla

Drög að áætlun hafa legið fyrir frá 25. október sl. Uppfærsla með leiðréttum kostnaði við nýjan forðatank hitaveitu hjá Valgerðarstöðum lögð fram nú.

*Niðurstaða:*

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun fyrir 2020 ásamt 3ja ára áætlun, með fyrirvara um endurskoðun vegna uppbyggingar gagnaveitu í dreifbýli. Niðurstöður endurútreiknings áætlunar um kostnað vegna verkefnisins eru væntanlegar um næstu mánaðamót. Viðauki verður gerður við fjárhagsáætlun í framhaldi að fengnum niðurstöðum.

### 4. Starfshættir stjórnar

Fundarboðun og dreifing gagna.

*Niðurstaða:*

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að gera drög að starfsreglum stjórnar og leggja fyrir næsta aðalfund.

### 5. Yfirlit verkefna – staða og áætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál og verkefni sem í gangi eru og framundan.

- Endurnýjun fráveitulagna í Skjólgarði er hafin. Verklok áætluð mánaðamót nóv.-des.
- Engin tilboð bárust í lokuðu útboði - endurnýjun regnvatnslagna við Íþróttahús. Stefnt er að öðru útboði fljótlega.
- Fljótsdalshérað ljóstengt: Vinna við kortlagningu styrkhæfra staða, ásamt forsenduvinnu fyrir endurskoðun kostnaðaráætlunar er í vinnslu.
- Vistun gagna úr eftirlitsmyndavélum er orðin virk. 10 myndavélar tengdar, upptaka úr 9 vélum.
- Fyrir liggur bréf frá íbúum við Árhvamm, Ranavað og Einbúablá, Egilsstöðum, varðandi lyktarmeingun frá hreinsivirki við Árhvamm.  
*Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við eigendur og rekstraraðila Bólholts vegna málsins.*

### 6. Gagnaveita

Hönnun ljósleiðara upp Fell; Skipalækur – Rauðilækur er í vinnslu.

Gagnaveiturör verður plægt með RARIK frá Arnhólsstöðum til Hallbjarnarstaða í Skriðdal fyrir lok nóvember.

Gagnaveiturör eða ljósleiðari verður plægður með RARIK og hitaveitu frá Kyndistöð HEF í Hafrafell og Staffell fyrir lok árs, að fengnu leyfi frá Minjastofnun.

Austurljós ehf. hefur áhuga á að kaupa ljósleiðaraefni af lager HEF.

*Stjórn samþykkir sölu efnisins og felur framkvæmdastjóra að annast viðskiptin.*

### 7. Fráveita frá Egilsstöðum og Fellabæ

Framkvæmdastjóra falið að setja í gang hönnunarvinnu á 2. áfanga fráveitu á Egilsstöðum, sem og áætlun um útboð og verkkaup á 1. og 2. framkvæmdaáfangi.

### 8. Lóðamál við Fóðurstöð

Skipulags- og byggingarfulltrúi hefur fengið lóðaruppdrátt, áritaðan af fyrrverandi framkvæmdastjóra HEF og landeiganda Baldri Einarssyni, dags. 6. 6. 2019.

*Stjórn HEF vísar í bókun frá 27. júní sl. um sama mál.*

### 9. VÖK – rekstrarstillingar, notkun og samningur

HEF (AÞ og FS) áttu fund með fulltrúa VAKar um samning og útfærslu á reikningskilum.

Tæknimál og samstilling notkunar og dælukerfis HEF er áformað á allra næstu vikum.

Uppgjöri vegna framkvæmda HEF vegna verkefnisins er ólokið en er í vinnslu.

### 10. Verkefni á vettvangi Samorku

SDEC hitaveituráðstefnan var haldin í lok október og sótt af AÐ og JKA. Margt gagnlegt kom fram á ráðstefnunni sem mun nýtast HEF vel. Þar var m.a. fjallað um kröfu Evrópusambandsins um orkumælingu hjá notendum hitaveitna. Krafan er að nýir mælar verði orkumælar (ekki aðeins magnmælar eins og algengast er nú) frá og með 26. október 2020 og að allir mælar mæli orku fyrir 2027.

Samorka hefur sent fráveitunefnd Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis helstu fyrirsjáanlegu upphæðir sem fráveitur um allt land standa frammi fyrir á næstu 5-10 árum. HEF sendi Samorku upplýsingar um áformaðar framkvæmdir í þéttbýlinu á Héraði, sem og skýrslu sem sameiningarnefnd SvAusturlands lét gera fyrr á árinu.

Desemberfundur Samorku verður haldinn 28. nóvember í Reykjavík. Framkvæmdastjóri mun sækja fundinn.

### **11. 40 ára afmæli HEF**

Framkvæmdastjóri leggur til að haldið verði upp á afmælið 13. desember nk.

Hann kynnti nokkrar hugmyndir.

*Stjórn felur framkvæmdastjóra og Björgu Björnsdóttur að vinna áfram að skipulagi í tilefni afmælisins.*

### **12. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð samþykkt og fundi slitið kl. 16:15.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.